

## **Fundargerð 26. fundar skráningarráðs Gegnis fimmtudaginn 28. September 2006**

haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37, kl. 14-16

**Fundarmenn:** Fanney Sigurgeirsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Hulda Ásgrímsdóttir (fundarritari), Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður) og Þórdís T. Þórarinsdóttir

Auk þess sátu fundinn þær Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis, Ragna Steinarsdóttir ritstjóri efnisorða, Sigrún Hauksdóttir sérfræðingur hjá Landskerfi bókasafna og Sveinbjörg Sveinsdóttir hinn nýi framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna og er hún boðin velkomin til starfa.

**1. Kosning formanns.** Fyrsta mál á dagskrá var kosning formanns. Hart var lagt að Þóru að gefa kost á sér áfram næsta árið og samþykkti hún það.

**2. Fundargerð síðasta fundar.** Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.

**3. Gegnir eftir Fase III.** Sigrún lagði fram verkefnaáætlun Gegnis sem send var til stjórnar Landskerfis 14. september (fskj. 1) og einnig yfirfærsluplagg (fskj. 2).

Hún gerði grein fyrir stöðu mála hvað varðaði uppfærslu á 16. útgáfu kerfisins. Opnað var 17. júlí eftir vikulokun þó vitað væri að strikamerkjaútprentun og rukk mundi dragast. Lagt var upp með að heildaraðlögun og fínþússningu myndi ljúka um áramótin 2006/2007. Á þessum tíma var einnig skipt um vélar og hýsingaraðili var nýr. Hýsingaraðilinn er nú Nýherji. Mjög mikil vinna hefur verið í kringum nýjan biðlara. Hægagangur í kerfinu setti strik í reikninginn en talið er að nú sé búið að leysa málið, a.m.k. er búið að sjá hvað veldur. Eftirtalin verkefni eru í gangi: uppfærsla í útgáfu 16, þriðji áfangi gagnaflutninga, SFX, nafnmyndaskrá, Z39.50 og uppsetning prófunarumhverfis. Það liggur í augum uppi að álag á starfsfólk Landskerfis hefur verið og er mjög mikið.

Sigrún gerði einnig grein fyrir gagnaflutningum (Fase III) sem fram fóru í sumar. 200 þús. bókfræðifærslur voru yfirfærðar, um 150 þús. færslna paraðist við samruna.

Efnisorð frá sérfræðisöfnunum fóru í svið 696 (svið f. sérfræðiheiti). Eytt var út þeim efnisorðum sem voru sameiginleg.

Rætt var um að þessi söfn væru ekki öll með skráningarheimild en það gerir vinnuna við þeirra skrár erfiðari. 60 þúsund færslur þöruðust og u.þ.b. 150 færslur eru nú í hliðargrunni.

Vinna við nafnmyndaskrá o.fl. á döfinni.

**4. Efnisorðavinna.** Rætt var um að para þyrfti saman efnisorðasviðin 696 og 650 4 (í tengslum við það sem rætt var á undan. Það þarf að búa til reglur varðandi efnisorð. Sumir töldu að eyða ætti öllu úr 696 sviðinu en aðrir vildu fara hægar í sakirnar og athuga með hvað sérfræðisöfnunum væri nauðsynlegt að halda inni.

Lagt var fram bréf frá efnisorðaráði Gegnis (fskj. 3) með yfirskriftinni: Framtíð efnisorðavinnu í Gegni. Samþykkt var að kynna bréfið fyrir Alefli og senda síðan ásamt þeim erindi til stjórnar Landskerfis bókasafna.

**5. Skráningarheimildir.** Hildur lagði fram bréf (fskj. 4) er varðaði skráningarheimildir í Gegni. Þetta snertir þrjá nema í bókasafnsfræði, mislangt komna í náminu, en allir eru í starfi á bókasöfnum og hafa lokið námskeiði í skráningarþætti Gegnis. Skráningarheimildirnar voru samþykktar.

Ræddar voru reglur um afturköllun skráningarheimilda í Gegni (samþ. í skráningarráði 12. jan. 2006). Fyrsta mál af þessu tagi er komið inn á borð skráningarráðs og er leitast við að taka sem faglegast á því. Ábyrgðarmenn skráningar yfirfóru um 168 færslur frá skrásetjara. Þeir sendu síðan ráðinu úrtak úr þessum færslum með athugasemdum og bréfi. Ákveðið var að senda viðkomandi bréf ásamt þeim færslum sem ábyrgðarmenn hafa yfirfarið.

Fundi slitið um kl. 16